

1873. hvalreki á kirkjújörðunum eptir sem áður áskilinn Rafnseyrar kirkju.
11. ágúst.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtu það og gjörðu þær ráðstafanir, er með þarf.

13. ágúst. **70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lækkun á afgjaldi af klausturjörðum í Skaptafellssýslu.**

Í bréfi, dagsettu 17. maím. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, skýrt frá, að amtmaðurinn í suðurumdæmi Íslands hafi útaf bréfi frá umboðsmanni Kirkjubæjar- og Þykkvabæjar klausturs mælt með, að lækkun sú á jarðarafgjaldi, sem samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 13. oktbr. 1870¹ var veitt leiguliðunum á jörðunni Slyjum, Einari Ólafssyni og Sveini Sveinssyni, megi gilda enn fyrir 3 ár, sökum þess að tæð jörð eyðist árlega af sandfoki, en lækkun þessi var 25 áln. fyrir hvorn þeirra um sig; jafnframt og þér getið þess, að tæð uppgjöf eptir verðlagsskrá yfirstandanda árs nemur alls 8 rd. 50 sk. eða 4 rd. 25 sk. fyrir hvorn leiguliðann um sig, hafið þér lagt til, að veita megi afgjalds lækkun þessa frá fardögum 1873 til fardaga 1876, og hafið þér um leið farið þess á leit, að yður verði veitt vald til að úrskurða um slík mál eptirleiðis, án þess þau sé borin undir stjórnarráðið.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að með því eigi liggur fyrir nein skoðunargjörð um ástand jarðarinnar, heldur að eins skýrsla hlutaðeiganda umboðsmanns um, að jörðinni fari nokkuð aptur sökum áfalla af sandfoki, hefir stjórnarráðinu fundizt ísjárvert að veita það, sem sókt er um, en aptur á móti gefum vör yður, herra landshöfðingi, vald til að veita tæðum

¹) Tíðindi um stjórnmálefni Íslands, III, 103.

1873.

13. ágúst.

leiguliðum fyrnefnda afgjaldslækkun um 3 ár, ef það verður sann-
að, að jörðin í raun rætti sè svo skemmd, að lækkunin sè sann-
gjörn, og að afgjaldið þá verði álitid hæfilegt og svo mikið, að
eigi verði við því búizt, að nokkur annar leiguliði mundi vilja
gjalda meira; en ef nokkur uppgjöf samkvæmt þessu verður veitt,
mælumst vèr til að fá skýrslu yðar um það, bæði vegna annars
og svo vegna þess, að reikningastjórnardeildinni verði skýrt frá
því. Í sambandi við þetta verðum vèr samt sem áður að geta
þess, að stjórnarráðið hefir furðað sig á því, að þessháttar bænar-
skrár, sem fyrir nokkrum árum komu að eins mjög sjaldan fram,
eru nú orðnar nokkuð tíðar og koma þvínær ávallt frá sama
umboðinu. Það er nú reyndar satt, að landslaginu er svo háttað
í Skaptafellssýslu, að jarðir þar geta orðið fyrir miklum skemmd-
um og þá sèrílaga af sandfoki, en þetta er samt ekki öðruvísi
nú en áður hefir verið, og er því eigi ólíklegt, að leiguliðar síð-
ur kosti kapps um að bæta aptur þann skaða, sem orðið hefir,
með því þeir á seinni tímum hafa átt svo lægt með að fá linun
í afgjaldinu; þetta er þeim mun sennilegra af því, að þeir venju-
lega sækja um, að sú afgjaldslækkun, sem veitt er fyrir nokkur
ár, megi haldast, en það er einmitt tilgangurinn, þegar gefið er
nokkuð eptir af afgjaldinu, að jörðin þá verði endurbætt og rækt-
uð, svo hún verði jafngóð aptur. Þar sem með svofelldu móti
getur verið nokkur efi á, hvort það sè nauðsynlegt eða jafnvel
hagfelld, að veita afgjaldslækkun, að minnsta kosti svo opt sem
gjört hefir verið í seinni tíð, verður stjórnarráðið að álita það
hagfelld, að gjörð verði rannsókn í þessu tilliti, og mælumst vèr
því til, að þær, herra landshöfðingi, leggið amtmanninum yfir
suðurumdæminu fyrir, að hann sjálfur líti eptir fyrnefndu klaustur-
gözi yfirhöfuð og sèrílaga eptir þeim jörðum, sem sagt er að
svo hafi skemmt af sandfoki eða öðrum náttúruviðburðum, að
færð hafa verið niður afgjöldin; skal hann gjöra skýrslu um
þetta og lýsing á ástandi jarðanna, og jafnframt ef svo ber
undir gjöra uppástungu um ráðstafanir til þess að bæta þær.
Þegar tæð skýrsla er komin hingað ásamt með álitu því, sem
þær þykist hafa ástæðu til að bera upp um málið, skal það

1873.
13. ágúst. nákvæmar yfirvegað, hvort og að hve miklu leyti það verði gjört, að láta eftir ósk yðar um, að fá almenna heimild til að úrskurða um fyrnefndar bænarskrár um afgjaldslækkun, einkanlega án þess að gjöra breytingu á erindisbræfinu, sem er svo nýlega gefið út, og þá á atriði, sem ekki er mjög áriðandi.

13. ágúst. **71. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um byggingu fangelsa í norður- og austurumdæminu og vesturumdæminu.**

Eftir að þér, herra landshöfðingi, sem páverandi stiptamtmaður, í bræfi 5. júlí f. á. höfðu látið uppi álit yðar um fyrirkomulag og stærð þeirra fangelsa, sem byggja skal í vesturumdæminu og norður- og austurumdæminu, hefir timburmeistari *Klentz* eftir áskorun dómsmálastjórnarinnar, sem hefir borið sig saman við forstjóra fangelsisstjórnarinnar, búið til tvær áætlanir, sem fylgja með bræfi þessu, um byggingu fangelsishúsa á borð við þau, sem þegar voru nefnd, og um kostnaðinn við þau, o. s. frv.; þykist hann geta byggt annað fangelsið, eftir áætlun þeirri, sem merkt er A., fyrir 3,805 rd. 64 sk., og hitt fyrir 3,819 rd. 26 sk. eftir áætlun þeirri, sem táknuð er með stafnum B.; skuli í hvorju fangelsi vera 4 klefar sömu stærðar og klefarnir í hegningarhúsinu í Reykjavík, varðstofa handa þeim manni, sem fyrir hönd sýslumanns, þegar svo ber undir, á að hafa sjálfa umsjónina með föngunum, rúm til eldiviðar og áhalda, og þar að auki fangagardar með kömrum. Um áætlanir þessar leitaði stjórnarráðið álíta hlutaðeigandi amtmanna¹⁾, en kaus heldur fyrir sitt leyti áætlun þá, sem merkt er A., með því fangelsisklefarnir samkvæmt henni liggja að öllu leyti sèr, — en það þykir þeim

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 530.